

Mánudaginn 9. desember 1985.

Nr. 139/1984. **Dánarbú Lárusar Fjeldsted**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Lögtaksgerð úr gildi felld. Skattar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. júlí 1984. Hann krefst þess aðallega, að hið áfrýjaða lögtak verði úr gildi fellt og stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að lögtak verði einungis gert fyrir 16.864,00 krónum.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða lögtaks til tryggingar 18.957,00 krónum. Hún krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Lárus Fjeldsted andaðist 9. mars 1985. Hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins.

Samkvæmt gögnum máls þessa og því, sem fram kom við flutning málsins fyrir Hæstarétti, eru málavextir þeir, að stefnda, Gjaldheimtan í Reykjavík, fór þess á leit við fúgetarétt Reykjavíkur 14. október 1982, að lögtak yrði látið fram fara hjá áfrýjanda Lárusi Fjeldsted til tryggingar eftirstöðvum opinberra gjalda hans að fjárhæð 650.538,00 krónum. Lárus mótmælti framgangi lögtaksins, og var rekið um það sérstakt mál fyrir fúgetaréttinum. Endanlegar kröfur Gjaldheimtunnar við munnlegan flutning málsins 10. maí 1983 voru þær, að lögtak yrði látið fram fara fyrir eftirstöðvum opinberra gjalda Lárusar, sem væru að meðtöldum áföllnum dráttarvöxtum miðað við 10. febrúar 1983 153.800,00 krónur. Úrskurður var kveðinn upp í málinu 20. maí 1983 á þá leið, að lögtak skyldi fara fram á ábyrgð Gjaldheimtunnar fyrir framangreindri upphæð auk áfallandi dráttarvaxta til greiðsludags og málskostnaðar. Lárus

vildi ekki una þessum málalokum og áfrýjaði úrskurðinum til Hæstaréttar. Dómur gekk í málinu þar í dag, og var hinn áfrýjaði úrskurður úr gildi felldur, þar sem fram kom, að Gjaldheimtan taldi öll hin umdeildu gjöld greidd og gerði ekki kröfu til, að úrskurðurinn yrði staðfestur nema um málskostnað.

Lárus greiddi Gjaldheimtunni 226.221,00 krónu með gíróseðli 21. janúar 1983 og tók fram, að sú greiðsla væri lokagreiðsla álagningar 1982. Hann greiddi einnig sama dag með gíróseðli 27.461,00 krónu og tók fram, að þar væri um að ræða lokagreiðslu álagningar samkvæmt skattbreytingaseðli 30. nóvember 1981. Taldi hann sig með þessu hafa gert fullnaðarskil til Gjaldheimtunnar, þó þannig, að enn væri ágreiningur um útreikning dráttarvaxta, frá fyrri árum.

Lárusi hafi verið gert að greiða alls 233.000,00 krónur fyrirfram upp í gjöld ársins 1983 samkvæmt gjaldheimtuseðli í janúar 1983, og skyldi hann greiða þá upphæð með fimm mánaðarlegum greiðslum, 46.600,00 krónum í hvert sinn frá febrúar til júní það ár. Lárus greiddi fyrstu fjórar greiðslurnar, alls 186.400,00 krónur, með gíróseðlum 9. mars, 8. apríl, 9. maí og 9. júní og tók fram á þrem þeirra, að um væri að ræða fyrirframgreiðslur upp í gjöld hans 1983. Áður en hann innti fimmtu greiðsluna af hendi, var álagningu 1983 lokið, og námu álögð gjöld hans það ár alls 86.598,00 krónum. Taldi Lárus sig því vera búinn að greiða gjöldin fyrir 1983 að fullu og meira en það. Með skattbreytingaseðli 1. febrúar 1984 voru álögð gjöld Lárusar 1983 hækkuð um 5.791,00 krónu.

Því er ómótmælt af hálfu Gjaldheimtunnar, að Lárus hafi áskilið, að þrjár af framangreindum greiðslum, alls 139.800,00 krónur, skyldu ganga til greiðslu á gjöldum hans álögðum 1983. Hins vegar ráðstafaði hún greiðslum þessum til lúkningar eldri skuldum hans, sem lögtaks hafði verið krafist fyrir, eins og áður segir, og taldi þetta heimilt samkvæmt þeim starfsreglum, sem um hana giltu samkvæmt lögum nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda og reglugerð nr. 95/1962 um sama efni. Enn fremur var af hennar hálfu einkum vitnað til XIII. kafla laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt og innheimtulegna laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Taldi Gjaldheimtan, að Lárus skuldaði enn 78.954,00 krónur hinn 24. maí 1984 og fékk gert lögtak hjá honum 20. júní það ár fyrir þeirri upphæð. Er það

lögtað það, sem mál þetta snýst um. Á lögtaksbeiðni þeirri, sem var grundvöllur lögtaks þessa og dagsett er 24. maí, eru gjöld þau, sem gerðarþoli er talinn skulda, sundurliðuð þannig, að eftirstöðvar álagningar 1983 eru taldar 77.170,00 krónur og dráttarvextir 1.784,00 krónur. Er því ljóst, að lögtakið var eingöngu gert fyrir eftirstöðvum gjalda Lárusar 1983, sem hann hafði skýrlega tekið fram, að hann væri að greiða með áðurnefndum giróseðlum.

Eins og áður greinir, áfrýjaði gerðarþoli úrskurði fúgetaréttar um, að lögtak skyldi fara fram fyrir eftirstöðvum gjalda hans, eins og Gjaldheimtan taldi þær vera 10. febrúar 1983. Þarna var um afmarkað sakarefni að ræða. Verður að telja, að Gjaldheimtan hafi ekki haft rétt til þess, eins og hér stóð sérstaklega á, að láta greiðslur, sem Lárus hafði ætlað til greiðslu á gjöldum ársins 1983, renna til greiðslu á hinni umdeildu skuld, áður en máli því, sem rekið var út af henni fyrir fúgetaréttinum, væri ráðið til lykta fyrir Hæstarétti, og svipta hann þannig rétti til að fá endanlega skorið úr ágreiningnum í því máli.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, ber að fella hina áfrýjuðu lögtaksgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða áfrýjanda 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefnda, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, dánar-búi Lárusar Fjeldsted, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 20. júní 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 20.6., kl. 10:45, var fúgetaréttur Reykjavíkur settur að Laufásvegi 35 og haldinn af fulltrúa borgarfúgeta Þorvaldi Ragnarssyni með undirrituðum votti.

Fyrir var tekið: Beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtak hjá Lárusi Fjeldsted fyrir opinberum gjöldum skv. gjaldheimtuseðli nr. 6012-8006 með áföllnum dráttarvöxtum þ. 24.5. 1984, kr. 1.784,00, samtals kr. 78.954,00 auk áfallandi dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð ef til kemur.

Fógeti lagði fram lögtaksbeiðni sem rskj. nr. 1 og nr. 2 bifreiðaskrá shlj.:  
*Nr. 1-2*

Fylgir með í ljósriti.

Almennur lögtaksúrskurður hefur verið kveðinn upp í dagblöðum á tilskilinn hátt.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum og enginn hans vegna þrátt fyrir lögmætar tilraunir fógeta til þess að fá einhvern til að taka málstað hans.

Var þá skrifað upp: Skv. ábendingu gerðarbeiðanda skv. tölvuútskrift, sem lögð var fram sem rskj. nr. 2, bifr. R-393, teg. Plymouth Volare, Prem árg. '77, og R-59365, teg. Chrysler 160 árg. '72.

Fallið var frá virðingu.

Samkvæmt ofanskráðu er lögtak gert í ofangreindri eign gerðarþola til tryggingar gjaldskuldinni auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, og geymdum betra rétti þriðja manns.

Fleira ekki tekið fyrir.

Gerðarþola verður tilkynnt um lögtakið.

---